

Fundargerð 15. fundar stjórnar SSÍ 2013-2015 miðvikudaginn 30. apríl 2014

Mættir: Hörður J. Oddfríðarson formaður sem ritar fundargerð, Lóa Birna Birgisdóttir gjaldkeri, Málfríður Sigurhansdóttir ritari, Hilmar Örn Jónasson, Bjarney Guðbjörnsdóttir, Ingibjörg Kristinsdóttir, Emil Örn Harðarson mótastjóri og Ingibjörg Helga Arnardóttir framkvæmdastjóri.
Afboða: Jónas Tryggvason, Ingi Þór Ágústsson, Ragnar Marteinsson og Hlín Ástþórsdóttir varaformaður

Kl. 17:50

1. Fundargerðir nefnda

a. DMT dags. 31.03.14

- i. v/4.liðar er rétt að áréttu að um er að ræða vinnuskjöl og niðurstöðu þeirra sem tóku þátt stefnumótun SSÍ við þetta tækifæri. Þessi gögn verða svo til grundvallar áframhaldandi vinnu ásamt ábendingum víðar úr hreyfingunni.
- ii. v/6.liðar b staðfestir stjórn SSÍ þýðingu á Almennum reglum FINA og þakkar DMTnefndinni fyrir frumkvæðið og vinnuna.
- iii. v/6.liðar c er rétt að áréttu að SSÍ telur sig ekki geta skyldað einstaklinga sem starfa fyrir sambandið sem sjálfboðaliðar til að kaupa sér ákveðinn fatnað í eigin reikning. Hins vegar hafa skapast ákveðnar hefðir um klæðnað dómara, hefðir sem eru mjög til fyrirmyndar og stjórn telur ekkert að því að halda áfram að beina tilmælum um klæðaburð til þeirra sem starfa við dómgæslu á mótum SSÍ.

Fundargerð staðfest að öðru leyti.

b. DMT dags. 28.04.14

- i. v/2.liðar áréttar stjórn SSÍ eftirfarandi: Starfsmenn móta SSÍ eru skilgreindir í Almennum ákvæðum SSÍ. Þar er ekki gerður greinarmunur á dómara eða öðru starfsfólki. Á starfsmannalista móts eru skráðir allir þeir sem starfa að mótinu og þeir sem starfa sem sjálfboðaliðar leggja störf sín til fyrir sitt félag (eða það félag sem þeir óska eftir að njóti krafta þeirra). Launaðir starfsmenn SSÍ eru einnig skráðir á starfsmannalista undir merkjum SSÍ, nema þeir séu í eigin tíma í sjálfboðavinnu. Á ÍM50 var þulur á SportTV sjálfboðaliði og óskaði eftir því að vera hans skilaði sér til ákveðins félags. Við því var að sjálfssögðu orðið.
- ii. v/2.liðar tekur stjórn SSÍ undir með DMTnefndinni að það geti orkað tvímælis að formaður SSÍ og reyndar aðrir stjórnarmenn

Fundargerð 15. fundar stjórnar SSÍ 2013-2015 miðvikudaginn 30. apríl 2014

einnig séu merktir félögum. Þetta hefur verið rætt ítarlega í hreyfingunni, á Sundþingi, í stjórn og á bakkanum, ásamt því hvort það væri eðlilegt að yfirdómarar móta væru merktir félögum á þennan hátt. Niðurstaða stjórnar hefur verið að þeir sem starfa í stjórn SSÍ væru þar sem sjálfboðaliðar og eðlilegt að félög þeirra nytu þess. Að beiðni formanns verður hann undanskilinn því að störf hans gagnist félagi hér eftir.

- iii. v/2.liðar áréttar stjórn SSÍ að enginn stjórnarmaður, hvorki formaður né aðrir taka laun fyrir stjórnarstörf sín.
- iv. v/3.liðar. Stjórn SSÍ mun enn og aftur áréttta við félög innan sinna vébanda og einnig ÍF að ekki er heimilt að halda mót félaga á sama tíma og SSÍ mót nema með samkomulagi við SSÍ. Dómurum ber að láta SSÍ mót ganga fyrir öðrum mótum ef svo háttar til.
- v. v/4.liðar. Stjórn SSÍ er mjög ánægð og þakklát fyrir gott og óeigingjarnt starf meðlima DMT til að tryggja nægan fjölda dómara í hreyfingunni.
- vi. v/5.liðar. Stjórn SSÍ samþykkir að veita kr. 50.000,00 í umrætt verkefni. Að auki leggur SSÍ til styrk sem FINA veitir sambandinu upp á \$1.000. Stjórn SSÍ felur DMT að útnefna þátttakanda og óskar eftir að sá sem fer á þessa ráðstefnu haldi fræðslukvöld fyrir dómara aðra sem hafa áhuga á fljótlega eftir heimkomu. DMT nefnd verður samstarfi við framkvæmdastjóra SSÍ hið fyrsta.
- vii. v/6.liðar. Stjórn SSÍ mun sækja um fyrir eftirtalda dómara á alþjóðlegan lista nr. 18:
 1. Ásmundur Jónsson ræsir
 2. Sigurþór Sævarsson ræsir
 3. Sigurður Óli Guðmundsson dómari
 4. Jón Hjaltason dómari

Stjórn staðfestir fundargerð að öðru leyti.

2. Fjármál og fjáröflun

- a. Prókuruhafar og afturköllun umboða
- b. Upplegg að fjáröflun
 - i. Stutt skýrsla um kostnað við styrktarmannakerfi og útsendingu gíróseðla

**Fundargerð 15. fundar stjórnar SSÍ 2013-2015
miðvikudaginn 30. apríl 2014**

Verkefnið er komið á reksþöl

- c. Fjölmiðlafyrirtæki sérsambanda
 - i. Stutt skýrsla um framvindu mála

ÍSínefnd að störfum, ýmsar hugmyndir á floti. Verkefnið er í gangi

- d. Skólasundverkefni
 - i. Stutt yfirlit yfir hvernig til tókst

Verkefnið tókst vel, keppendur voru ánægðir og stemming í lauginni. Ákveðið að halda áfram með verkefnið.

- ii. Næstu skref

*Þarf að senda skólunum viðurkenningu fyrir þátttöku fyrir vorið
Sundkennurum verður sent bréf og óskað eftir álitum þeirra á verkefninu
Spurning hvort við eigum að standa fyrir forkeppni út um land og fara í
landskeppni síðar*

Styrktaraðili til staðar fyrir næsta ár

*Þarf að huga að því hvernig hægt er að halda krökkunum á staðnum
Ýmsar hugmyndir ræddar*

- iii. Skipting verka

*Starfsmenn SSÍ ásamt Ingibjörgu Kr, Hilmari og Herði söfnum punktum og
undirbúum næsta skref*

3. IMOC 2014 í Kópavogslaug

- a. Staða undirbúnings

Gengur vel.

- b. Mótstjórn og mönnun

Viktoría Gísladóttir er mótstjóri. Mönnun gengur upp og ofan.

- c. Annað

Nauðsynlegt að senda félögum upplýsingar um skráningar á mótið

4. AMÍ 2014

- a. Staða undirbúnings
 - i. Undirbúningur í fullum gangi

- b. Annað

- i. Formaður og mótastjóri munu hitta forsvarsfólk ÍRB í aðdraganda mótsins

**Fundargerð 15. fundar stjórnar SSÍ 2013-2015
miðvikudaginn 30. apríl 2014**

5. UMÍ 2014

- a. Staða undirbúnings
 - i. Undirbúningur í fullum gangi
- b. Annað
 - i. Formaður og mótastjóri munu hitta forsvarsfólk SH í aðdraganda mótsins

6. Stefnumótun SSÍ

- a. Úrvinnsla
- b. Verkefni framundan sbr. minnisblað til forseta Íslands
- c. Verkferlar
- d. Heimasíða SSÍ og Facebooksíða SSÍ

Næsti fundur stjórnar verður helgaður úrvinnslu úr stefnumótun og undirbúningi næsta sundárs sem verður að öllum líkindum 17.maí.

7. Atburðadagatal SSÍ

- a. Innland og erlend landsliðsverkefni
- b. Upplýsingar frá félögum
- c. Aðrar sundíþróttir

Næsti fundur stjórnar verður helgaður úrvinnslu úr stefnumótun og undirbúningi næsta sundárs sem verður að öllum líkindum 17.maí.

8. Smáþjóðaleikar 2015

- a. Staða mála

9. Erlend samskipti

- a. NSF
- b. LEN
- c. FINA

10.Landsliðsmál

- a. Kostnaðarskipting fyrir landsliðsverkefni rædd (**ÁÆTLUN**)
 - i. EMU í Dorchrecht í Hollandi 8-14/7
 1. Heildarkostnaður 1.274.880,00, 4 keppendur eða 212.480,00 á mann. 2 fylgdarmenn.
 2. SSÍ greiðir fyrir fylgdarfólkið og 25% af hlut sundfólksins.
 - ii. NÆM í Kaupmannahöfn í Danmörku 11-13/7
 1. Heildarkostnaður 944.720, 6 keppendur 118.000 á mann. 2 fylgdarmenn.

Fundargerð 15. fundar stjórnar SSÍ 2013-2015 miðvikudaginn 30. apríl 2014

2. SSÍ greiðir fyrir fylgdarfólkið og 25% af hlut sundfólksins.
iii. EM50 í Berlín í Þýskalandi 15-25/8
1. Heildarkostnaður 1.103.985, 2 keppendur 367.995 á mann. 1 fylgdarmaður.
 2. SSÍ greiðir fylgdarmanninn.

11.Félagaskipti

Nafn:	fyrri félag:	Nýtt félag:	dags. mótt.	Tekur gildi
-------	--------------	-------------	-------------	-------------

12.Staðfesting meta

50 metra laug

Konur

Grein:	Nafn:	Félag:	Tími:	Dags:	Staður:
100m bringa	Hrafnhildur Lúthersdóttir	SH	1:08,62	11.04.14	Rvk
100m bak	Eygló Ósk Gústafsdóttir	Ægir	1:01,08	12.04.14	Rvk
400m fjór	Jóhanna Gerða Gústafsdóttir	Ægir	4:53,24	13.04.14	Rvk
4x100m fjór	Sveit SH Ingibjörg K. Jónsdóttir Hrafnhildur Lúthersdóttir Snjólaug T. Hansdóttir Karen Sif Vilhjálmsdóttir	SH	4:16,18	12.04.14	Rvk

Stúlkur

Grein:	Nafn:	Félag:	Tími:	Dags:	Staður:
1500m skrið	Sunneva Dögg Friðriksdóttir	ÍRB	17:37,37	13.04.14	Rvk

Telpur

Grein:	Nafn:	Félag:	Tími:	Dags:	Staður:
1500m skrið	Eydís Ósk Kolbeinsdóttir	ÍRB	17:48,38	13.04.14	Rvk
800m skrið	Harpa Ingþórsdóttir	SH	9:20,94	12.04.14	Rvk
50m bringa	Karen Mist Arneirsdóttir	ÍRB	35,66	11.04.14	Rvk
50m bringa	Karen Mist Arneirsdóttir	ÍRB	35,50	13.04.14	Rvk
50m bringa	Karen Mist Arneirsdóttir	ÍRB	35,40	13.04.14	Rvk
100m bringa	Karen Mist Arneirsdóttir	ÍRB	1:15,66	11.04.14	Rvk

Karlar

Grein:	Nafn:	Félag:	Tími:	Dags:	Staður:
4x200m skrið	Sveit Fjölnis Hilmar Smári Jónsson Jón Margeir Sværissón Daníel Hannes Pálsson Kristinn Þórarinnsson	Fjölnir	7:46,24	11.04.14	Rvk
4x100m fjór	Sveit SH Davíð Hildiberg Aðalsteinsson Viktor Máni Vilbergsson Kolbeinn Hrafnkelsson Aron Örn Stefánsson	SH	3:55,08	13.04.14	Rvk
4x100m skrið	Sveit SH Aron Örn Stefánsson Kolbeinn Hrafnkelsson Predrag Milos Davíð Hildiberg Aðalsteinsson	SH	3:31,48	12.04.14	Rvk

Drengir

Grein:	Nafn:	Félag:	Tími:	Dags:	Staður:
50m bak	Brynjólfur Óli Karlsdóttir	Breiðablik	29,92	12.04.14	Rvk

Fundargerð 15. fundar stjórnar SSÍ 2013-2015 miðvikudaginn 30. apríl 2014

Blandað

Karlar/Konur

Grein:	Nafn:	Félag:	Tími:	Dags:	Staður:
4x100 fjór	Sveit SH Kolbeinn Hrafnkelsson Viktor Máni Vilbergsson Snjólaug T. Hansdóttir Karen Sif Vilhjálmsdóttir	SH	4:13,78	12.04.14	Rvk
4x100 skrið	Sveit SH Predrag Milos Kolbeinn Hrafnkelsson Hrafnhildur Lúthersdóttir Snjólaug T. Hansdóttir	SH	3:48,17	13.04.14	Rvk
4x100 skrið	Sveit SH Aron Örn Stefánsson Davíð Hildiberg Aðalsteinsson Karen Sif Vilhjálmsdóttir Ingibjörg K. Jónsdóttir	SH	3:42,86	13.04.14	Rvk
4x100 fjór	Sveit SH Davíð Hildiberg Aðalsteinsson Hrafnhildur Lúthersdóttir Ingibjörg Kristín Jónsdóttir Aron Örn Stefánsson	SH	4:04,47	12.04.14	Rvk

Piltar/Stúlkur

Grein:	Nafn:	Félag:	Tími:	Dags:	Staður:
4x100m skrið	Sveit ÍRB Eiríkur Ingi Ólafsson Karen Mist Arngeirsdóttir Bjarnrás Sól Helenudóttir Ingi Þór Ólafsson	ÍRB	4:21,25	13.04.14	Rvk
4x100m fjór	Sveit ÍRB Eiríkur Ingi Ólafsson Svanfríður Steingrimsdóttir Gunnhildur Björg Baldursdóttir Björgvin Theodór Hilmarsson	ÍRB	4:54,04	12.04.14	Rvk
4x100m skrið	Sveit Ægis Hólmsteinn Skorri Hallgrímsson Telma Brá Gunnarsdóttir Gabríela Rut Vale Hafsteinn Ari Ágústsson	Ægir	4:24,52	13.04.14	Rvk

13. Erindi sem hafa borist

14. Önnur mál

- Stjórn SSÍ áréttar þær skyldur félaga að tilkynna SSÍ um ríkisborgararétt keppenda á þeirra vegum. Mótastjóra falið að leita eftir þessum upplýsingum.